

# Ársskýrsla | 2012



Einkaleyfastofan  
Icelandic Patent Office

## Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	3
Stefnumótun ELS	4
Gæðamál	4
<b>Starfsemi sviða</b>	<b>5</b>
Rekstrarsvið	5
Einkaleyfasvið	6
Vörumerkja- og hönnunarsvið	9
Vörumerki	9
Hönnun	12
Faggildingarsvið	13
<b>Ýmsir málaflokkar</b>	<b>13</b>
Fræðslu- og kynningarmál	13
Samstarf	16
<i>Samstarf um aðgerðir gegn brotum á hugverkaréttindum</i>	16
<i>Samstarf um vitundarvakningu í málefnum á sviði</i>	
<i>hugverkaréttar</i>	16
<i>Upplýsingasetur um einkaleyfi</i>	16
<i>Starfshópur um vernd vöruheita með uppruna-</i>	
<i>eða staðarvísun</i>	17
<i>Hagnýtingarverðlaun HÍ</i>	17
<i>Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda</i>	17
<i>FUVE</i>	18
<i>FEIS</i>	18
<i>PPH</i>	18
<i>EPO – Evrópska einkaleyfastofan</i>	18
<i>EPO Co-operation</i>	19
<i>EFTA</i>	19
<i>Evrópusambandið OHIM – Liason</i>	20
<i>Norrænt samstarf</i>	20
<i>Nordic Patent Institute</i>	21
<i>WIPO – Alþjóðahugverkastofnunin</i>	21
<i>Annað alþjóðlegt samstarf</i>	22
Starfsmannamál	23
<b>Árangursmat</b>	<b>25</b>
Ársáætlun	25
Ársreikningur	25

## Ávarp forstjóra



Borghildur Erlingsdóttir,  
forstjóri ELS

Hugverk eru mikilvægar afurðir þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem fjárfesta í rannsóknum og þróun, vörumerkjum og hönnun. Hugverk verða sífellt stærri og þýðingameiri hluti af eignum fyrirtækja og eru eignarréttindi á sviði iðnaðar áhrifarík tæki til að koma í veg fyrir að aðrir nýti hugverk eigendanna án heimildar. Með því að nota þessi réttindi getur eigandi komið í veg fyrir að aðrir nýti tækni hans, vörumerki og hönnun. Á sama tíma nýtist einkarétturinn til að búa til stefnumótandi stöðu á markaðnum, laða að fjárfesta og auka styrk í tengslum við samstarfsaðila og gagnvart keppinautum.

Árið 2012 varð talsverð fækkun á landsbundnum einkaleyfisumsóknum sem lagðar voru inn hjá Einkaleyfastofunni frá árinu á undan eða um 12%. Hins vegar hefur fjöldi staðfestinga á evrópskum einkaleyfum aukist jafnt og þétt frá því Evrópski einkaleyfasamningurinn (EPC) tók gildi hér á landi árið 2004. Vörumerkjaumsóknum fækkaði um ríflega 5% á árinu frá árinu á undan. Umsóknum í eigu íslenskra aðila fækkaði lítillega en meiri fækkun var á umsóknarfjölda erlendra aðila í gegnum alþjóðlega skráningarkerfið. Hönnunarumsóknum í eigu íslenskra aðila fækkaði einnig á síðasta ári. Eins og fyrri ár eru erlendir aðilar í meirihluta þeirra sem óska eftir því að vernda hugverk sín hér á landi. Það er að sjálfsögðu athugunarefni hvers vegna umsóknum í eigu innlendra aðila hefur fækkað milli ára og ljóst er að enn þarf að leita nýrra leiða til að vekja almenning og þá sem starfa í viðskiptum og við nýsköpun til vitundar um mikilvægi hugverkaréttinda og verndun þeirra. Þrátt fyrir fækkun umsókna gekk rekstur Einkaleyfastofunnar árið 2012 vel og var töluvert betri en áætlanir gáfu til kynna. Aukningu tekna má m.a. rekja til aukins fjölda á staðfestum evrópskum einkaleyfum og þess að vörumerkjaumsóknir voru umfangsmeiri, þ.e. þær tóku til fleiri vöruflokka.

Vinna við stefnumótun hófst á árinu og lögðu allir starfsmenn fram krafta sína í þá vinnu sem heppnaðist vel. Áhugavert var að sjá hvað starfsmenn komust að sambærilegum niðurstöðum um hvert skuli stefna á komandi árum. Þá var tekin ákvörðun um að leggja kapp á að ljúka við að skrifa og innleiða verkferla á árinu og stefna þar með á innri úttekkt gæðakerfis Einkaleyfastofunnar og vottun í kjölfarið á árinu 2013. Sú vinna gekk vel og voru allir starfsmenn tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að vanda vel til verksins. Góð samvinna og samstarfsvilji er grundvöllur vinnu við slíka innleiðingu. Undirbúningur að smíði á nýrri vörumerkjaskrá hófst á árinu en sú vinna fólst í því að skoða hvaða leiðir best er að fara við smíði á gagnagrunni sem þarf í framtíðinni að geta tengst öðrum skráum sem Einkaleyfastofan hefur umsjón með. Þá var einkaleyfaskráin opnuð fyrir tiltekna leitarmöguleika í árslok.

Samstarf við innlenda hagsmunaaðila var töluvert á árinu og jókst frá fyrri árum. Slíkt samstarf er mikilvægt leiðarljós fyrir Einkaleyfastofuna til að efla enn frekar stofnunina og auka gæði þjónustunnar í þágu viðskiptavina. Þá miðar það að því að auka enn frekar vitund almennings, fyrirtækja og stjórnvalda á hlutverki hugverkaréttinda. Kynningarmál eru vaxandi þáttur í starfsemi Einkaleyfastofunnar. Afar mikilvægt er að huga að kynningu og fræðslu um hugverkarétt strax á grunnskólastigi til að efla enn frekar vitund og auka skilning á þessum mikilvægu réttindum. Eitt af markmiðum Einkaleyfastofunnar er að aðstoða íslenskan iðnað, frumkvöðla, uppfinningamenn, hönnuði og þá sem eru í viðskiptum með vörumerki að átta sig á þeim möguleikum sem felast í hugverkum þeirra. Mikilvægt er að þessir aðilar séu meðvitaðir um að skráð hugverk getur skapað verðmæti. Hugverkaréttindi eru nauðsynlegur grunnur fyrir hagsæld og áframhaldandi nýsköpun á Íslandi.

forstjóri, Einkaleyfastofunnar

## Stefnumótun ELS

Á árinu hóf Einkaleyfastofan (ELS) vinnu við stefnumótun stofnunarinnar til næstu þriggja ára. Allir starfsmenn tóku þátt í vinnunni þar sem m.a. var rætt um hlutverk ELS, stefnu hennar og gildi. Þá var tekin ákvörðun um markmið ELS að því er varðar bættu þjónustu og verklag, ánægju starfsfólks og stefnu í almennum rekstri. Markmiðin fólu í sér fjölda verkefna sem sum voru strax sett í framkvæmd en önnur eru á áætlun næstu þriggja ára. Gert var ráð fyrir því að stefna Einkaleyfastofunnar yrði kynnt á árinu 2013, auk þess sem gildi hennar og slagorð yrðu kynnt sérstaklega.



*Starfsmenn ELS í stefnumótunarvinnu*


## Gæðamál

Gæðakerfi Einkaleyfastofunnar hefur verið í mótun og vinnslu frá árinu 2007. Á haustmánuðum var tekin ákvörðun um að gæðastjóri færi í fullt starf sem slíkur þar sem stefnt yrði að vottun utanaðkomandi aðila á kerfinu á árinu 2013. Undanfari vottunar er fullkomin innleiðing allra ferla kerfisins og í framhaldinu innri úttekt. Ákveðið var að stefna að því að ljúka innleiðingu allra ferla fyrir áramót og að innri úttekt hæfist fljótlega eftir áramót í samvinnu við utanaðkomandi ráðgjafa. Reynsla annarra stofnana er sú að ráðgjafabjónusta í gæðastjórnun borgi sig við fyrstu innri úttekt ef árangur á að nást á skömmum tíma enda um mjög sérhæft svið að ræða. Allir ferlar vörumerkja- og hönnunarsviðs, sem er stærsta svið stofnunarinnar, voru endurskoðaðir, ferlar um gerð og greiðslu reikninga, meðhöndlun gagna, afritun gagna auk ferla sem snúa að útgáfu stofnunarinnar. Þeir ferlar sem ekki náðist að innleiða fyrir áramót verða innleiddir samhliða innri úttekt en þeir snúa aðallega að mannauðsmálum og rekstri sjálfs gæðakerfisins. Gæðastjóri kynnti fyrir stjórnunarteymi drög að verkefnisáætlun innleiðingarinnar í byrjun desember en ljóst er að um mjög viðamikil verkefni er að ræða sem mun krefjast mikillar skuldbindingar allra starfsmanna stofnunarinnar. Áætlunin gerir ráð fyrir að ljúka innri úttekt sumarið 2013 og að vottun utanaðkomandi aðila verði í byrjun september sama árs.



## Starfsemi sviða

Á Einkaleyfastofunni eru starfrækt fjögur svið; einkaleyfasvið, vörumerkja- og hönnunarsvið, faggildingarsvið og rekstrarsvið. Hvert þessara sviða hefur sinn sviðsstjóra sem heyrir beint undir forstjóra líkt og gæðastjóri.



*Skipurit Einkaleyfastofunnar 2012*

## Rekstrarsvið

Rekstrarsvið er þverfaglegt svið sem kemur að flestum þáttum í starfsemi stofnunarinnar. Rekstrarsvið hefur umsjón með daglegum rekstri, móttöku umsókna og erinda, skjalavörslu, innskönnun gagna, tölvu- og tæknimálum, bókasafni og innkaupum. Fjármál stofnunarinnar heyra einnig undir rekstrarsvið, þ. á m. áætlanagerð, innheimta, uppgjör, reikningshald og launakeyrslur. Útgáfumál og vefsíða, ásamt endurmenntunar-, fræðslu- og kynningarmálum, falla einnig undir starfsemi sviðsins.

Meðal þeirra verkefna sem unnið var að á árinu má nefna opnun leitar í einkaleyfagagnagrunni á heimasíðu stofnunarinnar. Sá áfangi náðist í desember en unnið hafði verið að verkefninu um nokkurt skeið. Með þessum möguleika er nú með einföldum hætti hægt að skoða bókfræðilegar upplýsingar um aðgengilegar einkaleyfisumsóknir og veitt einkaleyfi á netinu. Af öðrum verkefnum má nefna nýjan innri vef sem tekinn var í notkun í september, nýtt vefumsjónarkerfi fyrir vefinn falsanir.is og nýtt viðverukerfi fyrir starfsmenn, Vinnustund, sem var tekið í notkun í nóvember. Kerfið einfaldar mjög allt utanumhald um viðveru starfsmanna auk þess sem starfsmenn geta betur fylgst með viðveruskráningu sinni og orlofsstöðu. Þá var unnið að einföldun og endurskipulagningu á tölvukerfum stofnunarinnar, þ. á m. breytingum á eldveggjum en stofnunin er nokkuð háð utanaðkomandi aðstoð hvað þetta varðar vegna tenginga við erlendar stofnanir.

Áfram var unnið að innleiðingu rafrænnar skjalavistunar og einföldun á verklagi en stefnt er að því að innan fárra ára verði öll gögn stofnunarinnar meðhöndluð með rafrænum hætti og gögnum skilað rafrænt til Þjóðskjalasafns Íslands til varanlegrar geymslu. Unnið er í nánu samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og hugbúnaðaraðila vegna þessa.

Í tengslum við samstarfsverkefni EPO og Google um vélþýðingabjónustu á einkaleyfum, Patent translate, var miklu magni af íslenskum einkaleyfagögnum safnað saman og þau flokkuð og send EPO til frekari meðhöndlunar. Enn liggur fyrir nokkuð magn af eldri einkaleyfagögnum sem koma þarf á rafrænt form vegna þessa en ráðgert er að í lok árs 2014 muni þýðingavélin taka til allra 32 tungumála aðildarríkja sammingsins um evrópsk einkaleyfi, þ. á m. íslensku.

## Einkaleyfasvið

Einkaleyfasvið annast meðhöndlun einkaleyfisumsókna og útgáfu einkaleyfa. Stofnunin er einnig móttökustofnun fyrir alþjóðlegar umsóknir og veitir evrópskum einkaleyfum gildi hér á landi. Jafnframt sinna starfsmenn sviðsins fræðslu um einkaleyfakerfið og helstu umsóknarleiðir, sem og almennri upplýsingagjöf til viðskiptavina stofnunarinnar, námsstofnana og annarra hagsmunaaðila.

Þann 21. maí 2012 tók gildi ný reglugerð um einkaleyfi nr. 477/2012. Um var að ræða heildarendurskoðun og féll þar af leiðandi úr gildi reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl. nr. 574/1991 og auglýsing um reglur varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl. nr. 575/1991. Í reglugerðina voru tekin upp helstu efnisatriði fyrri gerða. Megináhersla var lögð á að auka skýrleika og voru ákvæðin endurskoðuð með hliðsjón af framkvæmd stofnunarinnar við meðferð einkaleyfisumsókna. Þá var útbúið handbók á vefsíðu stofnunarinnar með leiðbeiningum varðandi uppsetningu umsókna og frágang. Viðskiptavinir hafa lengi beðið þess að geta nálgast einkaleyfaskrána á netinu en þeim áfanga var loks náð í desember þegar skráin var gerð aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar. Samtímis því var skráin tengd evrópsku einkaleyfaskránni með þeim hætti að hægt er að nálgast upplýsingar um evrópsk einkaleyfi sem staðfest eru hér á landi með krækju úr evrópsku skránni.

### Einkaleyfisumsóknir




*Einkaleyfisumsóknir lagðar inn hjá Einkaleyfastofnuni frá árinu 2005*

Talsverð fækkun varð á landsbundnum einkaleyfisumsóknum árið 2012. Alls bárust 44 umsóknir, þar af 37 frá íslenskum aðilum en sjö frá erlendum, þar af tvær yfirfærðar alþjóðlegar umsóknir. Miðað við árið 2011 nemur heildarfækkun umsókna um 12%.

Umsóknum sem héldu áfram í alþjóðlegt umsóknarferli (PCT/IS) fjölgaði á árinu um 33% frá því árið á undan og voru þær alls 24. Alls völdu þrettán umsækjendur Nordic Patent Institute (NPI) sem rannsóknaraðila.

Flest erindi sem berast einkaleyfasviði varða evrópsk einkaleyfi sem öðlast gildi hér á landi eftir veitingu einkaleyfis hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO) og hefur fjöldi þeirra aukist jafnt og þétt frá því Evrópski einkaleyfasamningurinn (EPC) tók gildi hér á landi. Alls barst 881 beiðni um gildistöku evrópskra einkaleyfa árið 2012 sem er um 13% fjölgun frá árinu 2011. Alls voru 2.575 EP-einkaleyfi í gildi hér á landi í árslok.

Upprunaland EP-staðfestinga




Upprunaland EP-staðfestinga hjá Einkaleyfastofunni árið 2012

Veittum landsbundnum einkaleyfum fækkaði á árinu eða um 27% frá því árið á undan. Alls voru veitt 47 einkaleyfi. Af þeim voru 44 veitt til erlendra aðila og þrjú til íslenskra. Alls voru 666 landsbundin einkaleyfi í gildi í árslok 2012.


Alls bárust tólf umsóknir um viðbótarvernd vegna lyfja, þar af voru sex viðbótarvottorð veitt á árinu.

Veitt einkaleyfi




Veitt einkaleyfi hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2005

## Aldursdreyfing útgefinna einkaleyfa og EP-staðfestinga



Aldursdreyfing útgefinna einkaleyfa og EP-staðfestinga hjá Einkaleyfastofunni árið 2012

## Efni útgefinna einkaleyfa og umsókna



Efni útgefinna einkaleyfa og umsókna hjá Einkaleyfastofunni árið 2012

Ein andmæli gegn veittu einkaleyfi bárust á árinu en málið var felld niður í kjölfar niðurfellingar einkaleyfisins af hálfu einkaleyfishafa.

Alls bárust fjórar beiðnir um endurveitingu réttinda skv. 72. gr. einkaleyfalaga nr. 17/1991 og eru þær til meðferðar hjá stofnuninni. Sú nýbreytni var tekin upp með gildistöku nýrrar reglugerðar um einkaleyfi að birta upplýsingar um innkomnar beiðnir um endurveitingu réttinda ásamt niðurstöðu stofnunarinnar og upplýsingar um áfrýjun. Birtast þessar upplýsingar í ELS-tíðindum sem eru gefin út 15. dag hvers mánaðar.




## Vörumerkja- og hönnunarsvið

Vörumerkja- og hönnunarsvið annast meðhöndlun umsókna og skráningu vörumerkja, hönnunar- og byggðamerkja auk þess að veita upplýsingar um þessa málaflokka.

### Vörumerki

Umsóknir um vörumerki voru samtals 3.551 á árinu 2012 en 3.742 árið á undan. Umsóknum fækkaði því um ríflega 5%. Alþjóðlegar umsóknir voru 2.277 en landsbundnar umsóknir voru 1.274. Landsbundnar umsóknir eru þær umsóknir sem lagðar eru inn beint til Einkaleyfastofunnar ýmist af einstaklingum, fyrirtækjum eða umboðsmönnum hérlendis. Alþjóðlegu umsóknirnar berast Einkaleyfastofunni frá Alþjóðahugverkastofnuninni, WIPO, í gegnum Madrid-skráningarkerfið. Landsbundnum umsóknum fækkaði um tæplega 3% samanborið við árið 2011. Landsbundnar umsóknir í eigu erlendra aðila voru 607 og fækkaði um tæplega 2% samanborið við árið á undan en umsóknir í eigu aðila sem búsettir eru á Íslandi voru 667 og fækkaði ívið meira eða um rúmlega 3%. Alþjóðlegum umsóknum fækkaði einnig eða um 6,5%. Alþjóðlegum umsóknum frá íslenskum aðilum, þ.e. svokölluðum ISMP-umsóknum, fjölgaði verulega og voru þær 122 talsins miðað við 49 árið 2011. Aukninguna má rekja til þess að einn aðili lagði inn í einu lagi óvenjulega margar umsóknir eða um helming allra umsóknanna.

Vörumerkjaumsóknir




Vörumerkjaumsóknir sem borist hafa Einkaleyfastofunni frá árinu 2005

Vörumerkjaskráningar voru 3.376 á árinu 2012. Landsbundnar skráningar voru samtals 1.194 en samtals 2.181 alþjóðleg skráning var birt til andmæla.

Vörumerkjaskráningar má endurnýja á tíu ára fresti. Heildarfjöldi endurnýjaðra vörumerkjaskráninga var 2.424 samanborið við 2.566 árið 2011 en 1.070 landsbundnar skráningar voru endurnýjaðar og 1.354 alþjóðlegar.

## Vörumerkjaskráningar




Skráð vörumerki hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2005

Í lok árs 2012 voru ríflega 54.500 vörumerkjaskráningar í gildi á Íslandi, þar af um 6.500 í eigu Íslendinga.

Málum vegna andmæla sem bárust Einkaleyfastofunni vegna vörumerkjaskráninga fjölgaði og voru 25 árið 2012. Þá var 11 málum áfrýjað til Áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Af þeim níu málum sem áfrýjunarnefndin úrskurðaði í á árinu 2012 var í einu tilviki fallist á niðurstöðu Einkaleyfastofunnar, fjórum ákvörðunum var hnekkt að fullu og tveimur að hluta, eitt mál var fellt niður og eitt var sent aftur til Einkaleyfastofunnar til frekari meðferðar.

Einkaleyfastofan hefur sett sér það markmið að skráningarferli umsókna um vörumerki, þar sem ekki koma til formgallar og/eða höfnun, sé ekki lengra en tíu

## Upprunaland vörumerkjaumsókna



Vörumerkjaumsóknir eftir upprunalandi árið 2012 (fleiri en 100 umsóknir pr. land)

vikur. Meðferð landsbundinna og alþjóðlegra umsókna var vel innan þessara tímamarka. Rannsóknarferli alþjóðlegra umsókna fer fram með rafrænum hætti og sömuleiðis öll samskipti við WIPO.

Þann 14. júní 2012 gengu í gildi lög nr. 44/2012 um breytingu á lögum nr. 45/1997 um vörumerki. Hluti breytinganna er til kominn vegna aðildar Íslands að Singapúrsamningnum um vörumerkjarétt frá 2006 en aðrar breytingar eru í samræmi við norræna framkvæmd.

Helstu nýmælin varða heimild Einkaleyfastofunnar til að fella niður skráningu vörumerkja (stjórnsýsluleg niðurfelling), ívilnandi úrræði þegar tímamörk eru ekki virt og hlutun umsókna og skráninga.


Þá var gerð breyting á umboðsmannaskyldu og krafa um búsetu hér á landi felld niður. Umboðsmaður skal, samkvæmt breytingalögunum, vera búsettur á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Samskipti verða þó áfram á íslensku.

Ennfremur voru gerðar smávægilegar breytingar á einstökum ákvæðum laganna í þeim tilgangi að auka skýrleika þeirra.

## Hönnun

Hönnunarumsóknum fækkaði um 9% frá fyrra ári og bárust samtals 121 umsókn á árinu 2012 miðað við 133 árið þar á undan. Þar af bárust 85 umsóknir frá Alþjóðahugverkastofnuninni í gegnum alþjóðlegt skráningarkerfi. Landsbundnar umsóknir í eigu Íslendinga voru 30 og fækkaði þeim um sex frá árinu 2011. Landsbundnum umsóknum í eigu erlendra aðila fækkaði sömuleiðis verulega eða úr þrettán í sex.


Umsóknir um skráningu hönnunar



Umsóknir um hannanir sem borist hafa Einkaleyfastofunni frá árinu 2005

Tveir aðilar hér á landi nýttu sér milligöngu Einkaleyfastofunnar við að leggja inn hönnunarumsókn í gegnum alþjóðlega umsóknarkerfið á árinu sem eru töluvert færri umsóknir en árið áður, en þá voru umsóknirnar sjö.

Skráðar hannanir



Skráðar hannanir hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2005

## Faggildingarsvið

Faggilding er mat á hæfni prófunar-, skoðunar- og vottunarstofa til að meta samræmi við tæknilegar kröfur svo sem í reglugerðum og stöðlum. Á sviðinu starfaði einn starfsmaður. Vegna faggildingarmats ræður sviðið tæknilega matsmenn til aðstoðar við mat á samræmi við tæknilegar kröfur. Einnig er samstarf við SWEDAC-faggildingarstofuna í Svíþjóð um mat á nokkrum prófunarstofum. Megin starfsemi faggildingarsviðs var með svipuðu móti og árið á undan. Virkar faggildingar voru 47. Prófunarstofur voru alls sjö á sviði matvæla, lögmælifræði og klínískra mælinga, ein vottunarstofa á sviði lífrænnar framleiðslu, ein vottunarstofa sem vottar stjórnunarkerfi og 38 skoðunarstofur fyrir ökutæki, ökurita, skip, raforkuvirki, matvælaframleiðslu, leiksvæði, lyftur og markaðseftirlit.

Á árinu voru veittar tvær nýjar faggildingar, ein til skoðunarstofu sem skoðar leiksvæði og hin til vottunarstofu sem vottar stjórnunarkerfi. Tvær faggildingar voru felldar niður á árinu, önnur fyrir ökurita og hin fyrir endurskoðunarverkstæði. Unnið var að breytingu á lögum um faggildingu vegna væntanlegrar innleiðingar reglugerðar Evrópusambandsins nr. 765/2008 um faggildingu og markaðseftirlit í íslensk lög. Það frestaðist að leggja fram frumvarp um þessar lagabreytingar þar sem ESB-reglugerðin var ekki afgreidd frá sameiginlegu EES-nefndinni á árinu.

Tveir aðalfundir voru sóttir hjá European co-operation for Accreditation (EA) sem Einkaleyfastofan er fullgildur aðili að sem Icelandic Board for Technical Accreditation (ISAC). Ekki voru sóttir fundir í fastanefndum EA um tæknileg málefni.

## Ýmsir málaflokkar

### Fræðslu- og kynningarmál

Ýmsir viðburðir voru haldnir í tengslum við fræðslu- og kynningarmál á árinu.

Einkaleyfastofan hélt upp á alþjóðlegan dag hugverkaréttar í sal Þjóðminjasafnsins þann 27. apríl með fyrirlestraröðinni Framsýnir frumkvöðlar. Fjórir frumkvöðlar, Guðrún Sigríður Laukka, eigandi einkaleyfis á gífstöppum, Hilmir Ingi Jónsson, framkvæmdastjóri ReMake Electric ehf., Magnús Scheving, forstjóri og stofnandi Latabæjar og Steinunn Vala Sigfúsdóttir, eigandi Hring eftir hring ehf., tóku til máls og lýstu meðal annars því hvernig verndun hugverkaréttinda hefur átt þátt í árangri þeirra. Um 80 manns hlýddu á fyrirlestrana.



Frá Alþjóðlegum degi hugverkaréttar. Magnús Scheving, forstjóri og stofnandi Latabæjar

Í september stóð Einkaleyfastofan fyrir málstofu um alþjóðlega vernd hönnunar. Málstofan var haldin í nánu samstarfi við WIPO en meðal framsögumanna var Grégoire Bisson yfirmaður Haag-skráningarkerfisins. Aðrir framsögumenn voru Ásdís Kristmundsdóttir sviðsstjóri vörumerkja- og hönnunarsviðs ELS en hún



fjallaði um hönnunarvernd á Íslandi og Lovísa Jónsdóttir frá Tego sem fjallaði um reynslu atvinnulífsins af skráningu hönnunar. Yfir 60 manns sóttu málstofuna sem ber merki um vaxandi áhuga á hönnun og hönnunarvernd.

Fulltrúar frá Einkaleyfastofunni voru til aðstoðar og veittu ráðgjöf á atvinnu- og nýsköpunarhelginni sem fram fór í Reykjavík í janúar. Viðburðurinn miðaði að því að aðstoða einstaklinga við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd en aðstandendur viðburðarins voru Innovit nýsköpunar- og frumkvöðlasetur og Landsbankinn í samstarfi við Reykjavíkurborg. Einkaleyfastofan tók einnig þátt í Framadögum háskólanema í febrúar ásamt öðrum ríkisstofnunum en að þessu sinni kostaði fjármálaráðuneytið þátttöku ráðuneyta og stofnana með það að markmiði að kynna Ríkið sem stærsta þekkingarvinnustað landsins. Einkaleyfastofan tók einnig þátt í Vísindavöku sem haldin var í september en Vísindavaka er árlegur viðburður þar sem almenningi gefst kostur á að hitta vísindamenn sem stunda rannsóknir í hinum ýmsu vísindagreinum og kynnst viðfangsefnum þeirra.



*Frá málstofu um alþjóðlega vernd hönnunar*



*Fyrirlesarar á málstofu um alþjóðlega vernd hönnunar; f.v. Ásdís Kristmundsdóttir, Lovísa Jónsdóttir, Grégoire Bisson og Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri*

Starfsmenn Einkaleyfastofunnar heimsóttu nemendur í 7.–10. bekk í Tjarnarskóla í Reykjavík og nemendur í iðnhönnun við Iðnskólann í Reykjavík fengu sömuleiðis heimsókn seinna á árinu. Þá voru nemendur við Listaháskóla Íslands heimsóttir en samstarf ELS og LHÍ um kennslu á hugverkarétti hefur verið árviss viðburður frá árinu 2006.



*Áhugaverð lesning á Vísindavöku*



*Starfsmenn ELS á Vísindavöku; f.v. Linda Björk Helgadóttir og Þórunn Gunnarsdóttir*

## Samstarf

### Samstarf um aðgerðir gegn brotum á hugverkaréttindum

Í júní 2012 varð Observatory on Infringements of Intellectual Property Rights formlega hluti af OHIM (Office of Harmonization in the Internal Market) en nefndin var upphaflega stofnuð af framkvæmdastjórn ESB árið 2009 með það að markmiði að styðja við verndun og fullnustu hugverkaréttinda og að berjast gegn vaxandi ógn af brotum gegn hugverkarétti í aðildarríkjum sambandsins. Fyrsti fundur nefndarinnar undir stjórn OHIM var haldinn í september en þar var kynnt ítarleg starfsáætlun fyrir árið 2013. Áætlunin miðar að því að kortleggja og greina mismunandi aðstæður í aðildarríkjunum og í framhaldinu að samræma aðgerðir gegn brotum á hugverkaréttindum. Ísland hefur stöðu áheyrnarfulltrúa á fundum nefndarinnar og sótti starfsmaður Einkaleyfastofunnar þennan fyrsta fund.

Í kjölfar þessa fundar var haldinn fundur hjá innlendum samstarfshópi sem vinnur að aðgerðum gegn brotum á hugverkaréttindum þar sem m.a. var farið yfir starfsáætlun OHIM. Í samstarfshópnum eru m.a. fulltrúar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, tollayfirvalda, Lyfjastofnunar, Neytendastofu, Samtaka verslunar- og þjónustu, SMÁÍS, Stefs og annarra hagsmunaaðila. Hópurinn hefur verið starfandi frá árinu 2008 og stendur að baki vefsíðunni falsanir.is sem var fyrst opnuð árið 2011. Einkaleyfastofan hýsir vefinn en hann hefur að geyma ýmsar gagnlegar upplýsingar um verndun hugverka og það hvernig má komast hjá því að brjóta gegn þeim. Í lok árs fékk vefurinn nýtt útlit með flutningi í nýtt vefumsjónarkerfi.

### Samstarf um vitundarvakningu í málefnum á sviði hugverkaréttar

Á haustmánuðum átti stjórn Félags einkaleyfasérfræðinga, FEIS, frumkvæði að því að boða til fundar með forstjóra Einkaleyfastofunnar, forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands og verkefnastjóra hjá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands í þeim tilgangi að hefja samvinnu um vitundarvakningu í málefnum á sviði hugverkaréttar. Átakinu var ekki ætlað að takmarkast við einkaleyfi heldur hugverkavernd fyrir íslenskt atvinnulíf. Hópurinn hafði það einnig að markmiði að hvetja til þess innan atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis að skrifuð yrði hugverkastefna fyrir Ísland.

### Upplýsingasetur um einkaleyfi

Einkaleyfastofan er með samstarfssamninga við IMPRU og Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands um rekstur upplýsingasetra um einkaleyfi. Tilgangur samninganna er að auka vitund og þekkingu almennings á hugverkaréttindum með aukinni fræðslu, upplýsingagjöf og bættri aðstöðu fyrir almenning til að kynna sér slík málefni.

Upplýsingasetrin eru hluti af tengslaneti upplýsingasetra (PATLIB network) sem

nær um alla Evrópu. Tengslanetið er samstarf Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) við einkaleyfastofur aðildarríkja evrópska einkaleyfasamningsins og upplýsingasetrin í aðildarríkjunum og veitir EPO ýmsa styrki til stuðnings starfseminni.

## Starfshópur um vernd vöruheita með uppruna- eða staðarvísun

Á haustmánuðum skipaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa lagasetningu um vernd vöruheita með uppruna- eða staðarvísun. Í starfshópnum situr meðal annarra lögfræðingur af vöru- merkja- og hönnunarsviði Einkaleyfastofunnar. Hlutverk starfshópsins er að meta kosti og galla þess að setja slíka löggjöf hér á landi og skal hann m.a. hafa til hliðsjónar greinargerð Samtaka mjólkur- og kjötframleiðenda og Samtaka iðnaðarins um landfræðilegar merkingar. Að því gefnu að niðurstaða hópsins verði jákvæð, skal hann semja drög að frumvarpi til laga um vernd vöruheita. Niðurstöðu starfshópsins er að vænta sumarið 2013.

## Hagnýtingarverðlaun HÍ

Líkt og undanfarin ár styrkti Einkaleyfastofan samkeppnina um Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands. Markmið keppinnar, sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, Tæknigarðs, Einkaleyfastofunnar og Árnason Faktor, er að laða fram hagnýtanlegar hugmyndir sem verða til innan háskólasamfélagsins og Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Kristín Bjarnadóttir, rannsóknarlektor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og kennari við Háskóla Íslands, og Jón Friðrik Daðason, tölvunarfræðingur við sömu stofnun, hlutu fyrstu verðlaun fyrir verkefnið „Skrambi“. Um er að ræða leiðréttingarforrit sem greinir texta málfræðilega og finnur af samhengi hans rétta stafsetningu orða.

Hilmar Þór Birgisson, meistaranemi í rafmagns- og tölvuverkfræði, Helgi Þorbergsson, dósent í rafmagns- og tölvuverkfræði, Magnús Örn Úlfarsson, lektor í rafmagns- og tölvuverkfræði og Sveinn Ólafsson, vísindamaður við Raunvísindastofnun hlutu önnur verðlaun fyrir verkefnið „Töngreinir til tónbílafæfinga á smátækjum“ (e. „Musical tone recognition system for interval tone training on mobile devices“). Hörður Filippusson, prófessor við Raunvísindadeild, Stefán Bragi Gunnarsson, MS í lífefnafræði og Jóhann Grétar Kröyer Gizurarson, BS í lífefnafræði, standa að verkefninu „Stöðgun próteina með kítófáskykrum“ sem hlaut þriðju verðlaun.

## Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Einkaleyfastofan hefur undanfarin ár átt fulltrúa í dómnefnd í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda sem haldin er ár hvert. Að þessu sinni fór keppnin fram í Háskólanum í Reykjavík og var gleðiefni að sjá hversu mikil gróska er í grunnskólum landsins. Fjöldi vandaðra hugmynda voru kynntar til sögunnar og voru verðlaun veitt tólf þeirra í fjórum flokkum: landbúnaður, tölvur- og tölvuleikir, uppfinningar og útlits- og formhönnun.

## FUVE

Tveir samráðsfundir voru haldnir með fulltrúum Einkaleyfastofunnar, efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og stjórn FUVE, Félags umboðsmanna, vörumerkja og einkaleyfa. Fyrri fundurinn var haldinn í mars og sá seinni í ágúst. Á fundunum var m.a. rætt um breytingar á vörumerkjalogum, nýja reglugerð um einkaleyfi, opnun einkaleyfaskrár á netinu og breytingar á verkferlum varðandi ferli umsókna og tölfraði.

## FEIS

Haldnir voru tveir samráðsfundir með stjórn FEIS, Félags einkaleyfasérfræðinga. Sá fyrri var í janúar en sá seinni í ágúst. Þar var m.a. rætt um það sem efst er á baugi hjá Evrópsku einkaleyfastofunni, væntanlegan einkaleyfadómstól innan ESB og endurmenntun hjá Akademíu EPO sem og breytingar hjá Einkaleyfastofunni, t.d. varðandi móttöku erinda rafrænt, nýja einkaleyfareglugerð og opnun aðgangs að einkaleyfaskrá.

## PPH

Einkaleyfastofan hóf árið 2011 samstarf um flýtimeðferð einkaleyfisumsókna við bandarísku einkaleyfa- og vörumerkjaskrifstofuna (USPTO) og japönsku einkaleyfastofuna (JPO) og var því samstarfi fram haldið árið 2012. Tveir íslenskir umsækjendur hafa nú þegar nýtt sér þennan möguleika í umsóknarferli hjá USPTO.

## EPO – Evrópska einkaleyfastofan

Þátttaka ELS í starfsemi EPO fer mestmegnis fram í framkvæmdaráði, fjárlaganefnd og í tveimur ráðgefandi nefndum er varðar lagaleg málefni annars vegar og tæknileg mál hins vegar. Framkvæmdaráðið (The Administrative Council) fundaði fjórum sinnum á árinu. Forstjóri, sviðsstjóri einkaleyfasviðs og sviðsstjóri rekstrarsviðs sóttu fundi ráðsins. Á fundunum eru teknar ákvarðanir um þau mál sem rædd hafa verið og afgreidd í fjárlaganefnd og öðrum nefndum EPO.

Tveir fundir voru haldnir í fjárlaganefnd EPO (Budget and Finance Committee) á árinu sem sóttir voru af sviðsstjóra rekstrarsviðs. Á fundunum er farið yfir öll þau mál sem fyrir liggja hverju sinni og varða fjárhagslegar skuldbindingar EPO, s.s. fjárhagsáætlanir, gjaldtöku, samninga og starfsmannamál.

Einn fundur var haldinn í laganefnd EPO (Committee on Patent Law) á síðari hluta ársins og var hann sóttur af sviðsstjóra einkaleyfasviðs. Á fundinum var meðal annars farið yfir samstarfsverkefni EPO, USPTO og JPO sem miðar að samþættingu einkaleyfakerfisins með ýmsum hætti, svo sem birtingu umsókna og griðátíma (e. grace period). Einnig voru fyrirhugaðar breytingar á kerfi varðandi endurgreiðslur EPO á rannsóknargjaldi ræddar og tillögur að einföldun PCT-kerfisins.



Einn fundur var haldinn á árinu í tækniráði EPO (Technical and Operational Support Committee) og var hann sóttur af sviðsstjóra einkaleyfasviðs. Á fundinum voru meðal annars rædd lok stuðnings EPO við EPTOS hugbúnaðinn og ný stefna EPO í málum varðandi rafræna umsóknarkerfið (OLF) og gagnagrunninn ESPACENET kynnt. Þá var fjallað um stöðu samstarfsverkefnis EPO og Google varðandi vélþýðingar, en í árslok voru alls 14 tungumál tengd við þýðingargrunn EPO (PatentTranslate).

## EPO Co-operation

Forstjóri og sviðsstjóri rekstrarsviðs sóttu árlegan samráðsfund EPO (EPN Co-operation) og aðildarríkja EPC, sem haldinn var í Dubrovnik í júní. Á fundinum var farið yfir stöðu og framtíð helstu samstarfsverkefna EPO við aðildarríkin, s.s. vélþýðingarverkefni EPO og Google, tæknileg samstarfsverkefni varðandi móttöku og meðhöndlun umsókna og þjálfun í tengslum við hið svokallaða EQE-hæfnispróf (e. European Qualification Examination).

Á vordögum var ráðist í endurskoðun á þeim drögum sem fyrir lágu á áætlun (National Action Plan) milli Einkaleyfastofunnar og EPO varðandi fjárstuðning til stofnunarinnar í tengslum við nýja heildaráætlun (Co-operation Road Map 2011–2015) sem samþykkt var í árslok 2011. EPO boðaði til sérstaks fundar með aðildarríkjunum í mars þar sem farið var yfir helstu breytingar samhliða nýrri heildaráætlun sem og helstu samstarfsverkefni EPO við aðildarríkin. Fundinn sóttu sviðsstjóri rekstrarsviðs og lögfræðingur einkaleyfasviðs. Ný áætlun ber heitið Bilateral Co-operation Plan (BCP) og var hún undirrituð í október. Áætlunin er í gildi til ársins 2015 og í henni er gert ráð fyrir stuðningi EPO við endurmenntun starfsmanna Einkaleyfastofunnar og upplýsingasetra um einkaleyfi, sem og stuðningi við skipulagningu og/eða þátttöku í ráðstefnum og fundum tengdum EPO. Einnig er gert ráð fyrir sérstökum stuðningi við þá sem óska eftir að taka EQE (European Qualification Examination) prófið, jafnt í formi námskeiða sem og fjárhagslegs stuðnings. Áætlunin er lifandi skjal og er gert ráð fyrir uppfærslu hennar einu sinni á ári.

Árið 2012 fengu tíu starfsmenn styrk til endurmenntunar og þátttöku í fundum á vegum EPO auk þess sem styrkur var veittur vegna tengingar einkaleyfaskrár við heimasíðu stofnunarinnar.

Í tengslum við gerð nýrrar áætlunar áttu tveir fulltrúar EPO fund með Einkaleyfastofunni hér á landi í ágúst þar sem jafnframt var rædd aðstoð Einkaleyfastofunnar við skipulagningu árlegs samráðsfundar (Annual meeting on Co-operation with member states) sem haldinn verður í Reykjavík í júní 2013.

## EFTA

Tveir fundir voru haldnir í hugverkahópi EFTA í Brussel í apríl og október. Lögfræðingur á vörumerkja- og hönnunarsviði sótti fyrri fundinn en sviðsstjóri einkaleyfasviðs þann síðari.

Á fundunum var megináhersla lögð á málefni tengd höfundarétti en jafnframt

var rædd tillaga að nýju aðlögunarákvæði í EFTA-gerð reglugerðar nr. 469/2009/EB (endurútgefin reglugerð nr. 1768/92/EBE um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja). Aðlögunarákvæði þeirrar gerðar tengjast einkum reglugerðum nr. 1901 og 1902/2006 um lyf fyrir börn sem fyrirhugað er að innleiða í EES-rétt. Þá var rætt um innleiðingu svæðisbundins evrópsks einkaleyfis (e. Unitary Patent), endurskoðun vörumerkjakerfis Evrópusambandsins, hugmyndir um landfræðilegar tilvísanir sem ekki varða landbúnað (e. Non-agricultural geographical indications) og þá vinnu sem hefur átt sér stað innan Observatory on Infringements of Intellectual Property Rights varðandi aðgerðir gegn brotum gegn hugverkarétti.

Formaður nefndarinnar til nokkurra ára, Helge Sønneland, lét af störfum í lok árs vegna aldurs. Nýr formaður Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar og varaformaður Bengt Hermansen frá Noregi voru kosin í október.

## Evrópusambandið OHIM – Liaison

Einkaleyfastofan sótti samráðsfundi á árinu hjá OHIM (Office of Harmonization in the Internal Market) en skrifstofan er skráningarskrifstofa Evrópusambandsins fyrir vörumerki og hönnun. Sviðsstjóri vörumerkja- og hönnunarsviðs, ásamt lögfræðingi á sviðinu, sóttu samráðsfundi um vörumerki í júní og október og sviðsstjóri sótti samráðsfund um hönnun í nóvember. Þá sótti sviðsstjóri rekstrar-sviðs samráðsfund vegna tæknimála í mars. Í ljósi þess að Ísland varð formlega umsóknarríki um inngöngu í ESB árið 2011 greiddi OHIM ferðakostnað vegna fundanna.

## Norrænt samstarf

Tveir fundir voru haldnir á árinu í norrænum/baltneskum samstarfshópi um einkaleyfi. Fyrri fundurinn var haldinn í Stokkhólmi í febrúar og sóttu hann sviðsstjóri einkaleyfasviðs og lögfræðingur sviðsins. Sá síðari var haldinn í München í tengslum við fund laganefndar EPO í október og sótti hann sviðsstjóri einkaleyfasviðs. Til umræðu var m.a. fyrirhuguð innleiðing svæðisbundins evrópsks einkaleyfis og nýr einkaleyfadómstóll, vélþýðingarverkefni EPO, PPH-samningar, málsmeðferð og veiting einkaleyfa á ensku sem nýlega var tekin upp í Finnlandi með góðum árangri og nýlegir dómar Evrópudómstólsins í málum vegna útgáfu viðbótarvottorða.

Forstjóri Einkaleyfastofunnar sótti ráðstefnu um hugverkarétt í Tallin í Eistlandi í mars í tilefni af 20 ára afmæli eistnesku einkaleyfastofunnar. Forstjórar norrænu/baltnesku einkaleyfastofanna héldu forstjórafund í Eistlandi í tengslum við ráðstefnuna. Forstjóri Einkaleyfastofunnar sótti einnig ráðstefnu um hugverkarétt í Riga í Lettlandi í maí í tilefni af 20 ára afmæli lattnesku einkaleyfastofunnar.

Forstjórar norrænu/baltnesku einkaleyfastofanna funduðu einnig í Genf í október í tengslum við allsherjarþing WIPO. Á fundinum var m.a. rætt um

stöðuna varðandi möguleika á sameiginlegu dómstólakerfi innan Evrópu og hvaða áhrif það myndi hafa á ríki ESB og einnig þau ríki sem standa utan samkomulags um dómstól en eru aðilar að EPO.

## Nordic Patent Institute

Stjórn Nordic Patent Institute (NPI) fundaði reglulega á árinu og fóru fundirnir að jafnaði fram í gegnum fjarfundabúnað. Forstjóri Einkaleyfastofunnar gegndi áfram stjórnarformennsku í stjórn NPI. Haldinn var tveggja daga stjórnarfundur í Osló í nóvember þar sem sérstök áhersla var lögð á stefnu- og markaðsmál NPI. Á árinu var unnið að breytingu á samningnum um stofnun Norrænnar einkaleyfastofunnar og var bókun þess efnis undirrituð í Genf 2. október. Um var að ræða breytingu á 5. gr. samningsins en með henni er einkum sænskum umsækjendum gert kleift að óska eftir því að NPI gegni hlutverki alþjóðlegrar nýnæmisrannsóknar- og forathugunarstofnunar fyrir alþjóðlegar umsóknir.

## WIPO – Alþjóðahugverkastofnunin

Allsherjarþing WIPO var haldið í byrjun október og sóttu forstjóri og sviðsstjóri vörumerkja- og hönnunarsviðs þingið fyrir hönd Einkaleyfastofunnar. Í ræðu Francis Gurry, forstjóra Alþjóðahugverkastofnunarinnar, kom m.a. fram að hleypt hafi verið af stokkunum samvinnuverkefni milli opinberra og einkaaðila auk WIPO um að halda úti gjaldfrjálsum gagnagrunni um skráð hugverk til að örva þróun nýrra valkosta við rannsóknir og meðferð berkla og malaríu, en þessir sjúkdómar hafa áhrif á líf yfir milljarð manna. Einnig kom fram að PCT- og Madrid-umsóknir er bærust WIPO voru fleiri en nokkru sinni fyrr.

Á þinginu var m.a. rædd ný rafræn þjónusta WIPO, ePCT, sem býður öruggt aðgengi fyrir PCT umsækjendur og aðildarlöndin. Filippseyjar, Kólumbía og Nýja-Sjáland gerðust fullgildir aðilar að Madrid-samningnum á árinu og gert er ráð fyrir að Indland og Mexíkó bætist fljótlega við. Þá var gert samkomulag um að fresta um þrjú ár ákvörðun um að bæta spænsku við þau tungumál sem WIPO þýðir umsóknir um vörumerki á. Kynntur var endurbættur rafrænn gagnagrunnur Nice-flokkunarkerfisins um flokkun vöru og þjónustu sem nú býður upp á lista yfir vöru og þjónustu á tíu tungumálum. Svartfjallaland, Tadsjikistan og Túnis urðu aðilar að Haag-samningnum en stærri lönd eins og Kína skoða hugsanlega aðild. Með fjölgun aðildarríkja að samningnum þarf að einfalda og nútímavæða skráningarkerfi um hönnun.

## Annað alþjóðlegt samstarf

Fulltrúar frá kínversku einkaleyfastofunni, SIPO, heimsóttu Einkaleyfastofuna í tvígang á árinu. Fyrri heimsóknin átti sér stað í maí og var þá undirritað samkomulag milli ELS og SIPO um aukið samstarf milli stofnananna varðandi skipti á upplýsingum um þróun og breytingar á löggjöf, fræðslumál og skipti á einkaleyfaupplýsingum. Seinni heimsóknin átti sér stað í júlí og var þar m.a. rætt um áhuga á að hefja samstarf um flýtimeðferð einkaleyfisumsókna.

Forstjóri Einkaleyfastofunnar var boðinn í heimsókn til ungversku einkaleyfa-

stofunnar í maímánuði. Forstjóri kynnti starfsemi Einkaleyfastofunnar og sérstaklega starfsemi NPI þar sem forstjóri er stjórnarformaður þeirrar stofnunar og Ungverjar eru í undirbúningsvinnu vegna svipaðrar alþjóðlegrar rannsóknarstofnunar fyrir alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir.



*Heimsókn SIPO, Kínversku einkaleyfastofunnar*



*Við undirskrift á samstarfssamningi á milli kínversku einkaleyfastofunnar og ELS*



*Frá áttakinu Hjólað í vinnuna*

## Starfsmannamál

Nokkur starfsmannavelta var á árinu. Í árslok voru starfsmenn alls 27, þar af voru tveir starfsmenn í námsleyfi og einn í fæðingarorlofi. Tveir starfsmenn létu af störfum á árinu og fjórir nýir starfsmenn voru ráðnir, einn á rekstrarsvið, tveir á vörumerkja- og hönnunarsvið og einn á einkaleyfasvið. Þá voru einnig ráðnir tveir sumarstarfsmenn í gegnum átak Vinnumálastofnunar um sumarstörf fyrir námsmenn og atvinnuleitendur.

Starfsmenn sóttu endurmenntun af ýmsu tagi á árinu en Einkaleyfastofan leggur mikla áherslu á að starfsmenn geti viðhaldið faglegri þekkingu sinni með reglulegri endurmenntun.

Á einkaleyfasviði sótti einn starfsmaður námskeið hjá EPO um evrópska einkaleyfakerfið og annar starfsmaður sótti námskeið hjá WIPO um alþjóðlegt umsóknarferli einkaleyfa, PCT-kerfið. Þá sóttu sviðsstjóri og lögfræðingur námskeið um kínverska einkaleyfakerfið sem haldið var af kínversku einkaleyfastofunni (SIPO). Námskeiðið var liður í auknu samstarfi milli Einkaleyfastofunnar og SIPO en samkomulag þess efnis var undirritað fyrr á árinu. Allur kostnaður við námskeiðið var greiddur af SIPO. Í maí sóttu lögfræðingur einkaleyfasviðs og starfsmaður rekstrarsviðs árlega ráðstefnu á vegum EPO um upplýsingasetur um einkaleyfi- og einkaleyfabanka, Patlib, en ráðstefnan samanstendur af fjölda mismunandi fyrirlestra.

Starfsmenn einkaleyfasviðs sóttu einnig önnur námskeið á árinu, s.s. í verkefnastjórnun og gæðastjórnun.

Tveir starfsmenn vörumerkjasviðs sóttu námskeið hjá WIPO um alþjóðlegt skráningarkerfi vörumerkja, Madrid-kerfið. Sviðsstjóri og lögfræðingur sóttu námskeið um upplýsingarétt almennings hjá Háskóla Íslands og einn starfsmaður sótti námskeið hjá OHIM um framkvæmd vegna CTM (Community Trade Mark) og RCD (Registered Community Design) skráninga. Þá sat einn starfsmaður sviðsins námskeið í auðkennarétti sem kennt var við lagadeild HÍ.





*Starfsmenn ELS á námskeiði hjá WIPO; Árni Halldórsson og Margrét Ragnarsdóttir*

Starfsmenn rekstrarsviðs sóttu ýmis námskeið á árinu, þ. á m. í skjalavörslu, verkefnastjórnun, vefsíðugerð, Excel og vinnuvernd. Sviðsstjóri og fjármálastjóri sóttu námskeið hjá Fjársýslu ríkisins vegna innleiðingar á nýju viðverukerfi starfsmanna og einn starfsmaður sótti námskeið hjá EPO um kynningarmál og samstarf milli einkaleyfayfirvalda og utanaðkomandi aðila.

Allir starfsmenn sóttu námskeið um starfsmannasamtöl í nóvember og tveir starfsmenn sóttu námskeið um vinnustaðamenningu og heilsuefingu á vinnustöðum. Forstjóri og sviðsstjórar sóttu námskeið í stjórnendabjálfun auk þess sem sviðsstjóri rekstrarsviðs sótti námskeið um starfsmannamál.



*Starfsmenn ELS í Viðey*

# Árangursmat

## Ársáætlun

Á fjárlögum ársins 2012 voru 194,2 m.kr. ætlaðar til reksturs stofnunarinnar. Fjármögnunin skyldi annars vegar vera innheimt af ríkistekjum, 191,2 m.kr., og hins vegar greidd úr ríkissjóði, 3 m.kr. vegna faggildingar. Í samþykktri rekstraráætlun var hins vegar gert ráð fyrir heildarrekstrarkostnaði að upphæð 243,5 m.kr. og heildartekjum að upphæð 248,1 m.kr., þar af 3 m.kr. frá ríkissjóði vegna faggildingar. Gert var ráð fyrir að nýta uppsafnað eigið fé stofnunarinnar til að koma til móts við mismun rekstrargjalda og fjárheimildar.

## Ársreikningur

Helstu tölur úr rekstri ELS árið 2012 má sjá í töflunni hér að neðan.

Tekjur	Rauntölur 2012 m.kr.	Áætlun 2012 m.kr.
Rekstrartekjur	260.997.823	237.800.000
Sértekjur	8.163.822	7.300.000
<b>Tekjur samtals:</b>	<b>269.161.645</b>	<b>245.100.000</b>
Gjöld		
Rekstrargjöld	222.689.972	243.500.000
<b>Gjöld samtals:</b>	<b>222.689.972</b>	<b>243.500.000</b>
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>46.471.673</b>	<b>1.600.000</b>
Framlag úr ríkissjóði	3.000.000	3.000.000
<b>Hagnaður / tap ársins</b>	<b>49.471.673</b>	<b>4.600.000</b>

Helstu niðurstöður úr rekstri Einkaleyfastofunnar árið 2012

## Samanburður og skýringar

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar var nokkuð undir því sem gert var ráð fyrir í ársáætlun eða 222,7 m.kr. Megin skýringin liggur í því að ekki var unnt að hefja smíði á nýjum gagnagrunni fyrir vörumerki líkt og stefnt hafði verið að. Tekjur ársins 2012 voru talsvert hærrí en ársáætlun gerði ráð fyrir en heildartekjur stofnunarinnar námu 269,2 m.kr., en í ársáætlun var gert ráð fyrir að tekjur næmu 245,1 m.kr. Stærsti einstaki tekjuliður stofnunarinnar eru alþjóðlegar vörumerkjaumsóknir og -endurnýjanir. Tekjur vegna einkaleyfa hafa hins vegar aukist jafnt og þétt síðustu ár vegna aukins fjölda EP-staðfestinga hér á landi. Sértekjur stofnunarinnar voru 8,1 m.kr. sem að stærstum hluta eru til komnar vegna endurgreiðslna frá Evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO) fyrir útlögðum

ferðakostnaði vegna funda og endurmenntunar starfsmanna. Hagnaður ársins nam alls 49,5 m.kr.

Á árinu 2012 var talsverður munur á tekjuáætlun samkvæmt fjárlögum og samþykktri rekstraráætlun. Nokkur undanfarin ár hafa tekjur stofnunarinnar verið talsvert umfram tekjuáætlun fjárlaga. Að sama skapi hafa gjöld reynst hærri en fjárlög kveða á um enda er það í eðli starfsemi stofnunarinnar að tekjur séu í samræmi við þá þjónustu sem veitt er. Stofnunin fékk heimild til að nýta hluta af bundnu eigin fé líkt og áður til þess að mæta þessum mun.

Þegar rekstur stofnunarinnar árið 2012 er skoðaður í heild verður að telja að árangurinn hafi verið góður og mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.



*Starfsmenn ELS*